


Afstöðumynd mkv. 1:1000

# Byggingarlýsing:

Húsið er frístundarhús á einni hæð. Húsið er timburhús á steyptum staurum einangrað í grind og með útloftuðu sperruþaki. Viðbygging er byggð á sama hátt.
Húsið skal að öllu leiti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir og uppfylla ákvæði skipulagsskilmála.

## Sökklar:

Sökklar eru steinsteyptir staurar sem 2x 50x225 dregarar eru settir á.

## Botn::

Botnplata er 50x150mm bitar c/c 600 með steinullareinangrun í grind og krossvið sem vindvörn að neðan en rakasperru (þolplast) að ofan og 22mm spónarplötum auk gólfefnis.

## Veggir:

Útveggir eru 50x120mm timburgrind. Útveggir eru einangraðir með 120mm steinull, rakasperra, rafmagnsgrind og klæðning að innanverðu. Að utanverðu er klætt á grind með 9mm krossvið, 22x50mm loftunargrind og panilklæðningu. Innveggir eru léttir grindarveggir klæddir plötum og panil.

## Gluggar og Hurðir:

Gluggar og hurðir eru úr timbri og allt gler er tvöfalt K-gler.

## Þak:

Þak hússins er sperruþak með 18° þakhalla borið uppi af útveggjum og togböndum. Þakið er einangrað með 150mm steinull og útloftað sbr. sérteikn. Neðan á sperrur er sett rakasperra, rafmagnsgrind og loftaklæðning. Ofan á sperrur er klætt með borðaklæðningu undirlagspappa og báruðum málmplötum.

## Lagnir:

Öll lagnakerfi hússins s.s. hiti, vatn, frárennsli, rafmagn og loftræsting eru gerð í samræmi við gildandi reglugerðir og vísast til teikinga verkfræðings.
Hiti lagður með PEX-rörum í gólfplötu og með ofnum.
Vatnslagnir lagðar með ÁL-PEX rörum í veggjum og ídráttarrörum.
Frárennsli í jörð lagt með PVC rörum og PP rörum innanhúss.
Raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum gólfi og lofti sbr. reglugerð um raflagnir. sjá teikn. raflagnahönnuðar.

## Lóð:

Á lóðinni eru bílastæði sbr. afstöðumynd og verandir ýmist úr timbri steypu eða hellum.
Rotþró er sett sbr. afstöðumynd og skal fylgt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar við frágang hennar.

## Eldvarnir:

Í öllum herbergjum og bílgeymslu skal komið fyrir reykskynjurum staðsettum í lofti. Slökkvitæki er staðsett í bílgeymslu og í anddyri.
Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum og eru þau tophengd 560x560mm með fríu umferðarmáli 2755mm.

Litaval húsa skal vera samræmt og gert í samráði við aðalhönnuði.

Stærðir:

| Hús nr. | núv.hús m² | viðbygg m² | samt. m² | núv. m³ | viðbygg. m³ | samtals m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 328 | 49,5 | 24,4 | 73,9 | 146,4 | 78,6 | 225,0 |

Lóðarstærð 6400,0m²

Lóðarnýting 0,011

Hámarksgildi kólnunartalna:

| Byggingarhlutar | U-gildi W/m² K |
|---|---|
| Útveggir: | 0,40 |
| Þak | 0,20 |
| Gólf | 0,30 |
| Gluggar/ karmar og gler mt. | 2,00 |
| Vegið meðaltal útveggja | 0,80 |

Frístundarhús í landi Öndverðaness, Grímsnes-og Grafningshreppi Árnessýslu.
lóð nr. 328

Afstöðumynd og byggingarlýsing

kvarði 1:1000 | teikn. nr. 1

dags. 19.09.2005 | breytt:


Ingi Gunnar Þórðarson byggingafræðingur bfí kt. 280453-3239
Safamýri 87 Reykjavík sími 568 3523, 897 3523, netf.igth@simnet.is


| Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga | Breytt dags. | Eðli breytinga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |